

GJALDSKRÁ

kaldavatnsveitu Bláskógaveitu, Bláskógabyggð.

1. gr.

Gjaldskylda.

Bláskógaveita (Bláskógabyggð) innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu.

Gjaldskrá fyrir sumarhús, íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar miðast við neðangreinda töflu og allt að 30 metra lengd heimæðar. Heimæðargjald hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar. Heimæð fyrir íbúðarhús og annað húsnæði til atvinnurekstrar tengir veitan viðkomandi fasteign en varðandi sumarhús er miðað við að heimæð nái að lóðarmörkum og sumarhúsaeigandi leggur sínar lagnir innan lóðar á sinn kostnað:

<i>Sverleiki heimæðar</i>	<i>Heimæðargjald kr.</i>	<i>Verð á metra umfram 30 m, kr.</i>
25 mm	506.091	2.301
32 mm	555.724	3.084
40 mm	606.666	4.133
50 mm	811.975	5.538
63 mm	1.125.342	7.419
75 mm	1.698.047	9.942
90 mm	2.315.506	13.323
110 mm	3.241.724	17.985

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu. Grunnvísitala er byggingarvísitala (grunnur 2021) október 2025, 125,9 stig.

Gjaldskrá fyrir lögbyli gerir ráð fyrir einu íbúðarhúsnæði.

Við sérstakar aðstæður, sem hægt er að skilgreina fyrir utan útgefna töflu þessarar greinar, er veitustjórn heimilt að semja sérstaklega um heimæðargjald.

4. gr.

Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,3% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

Hámarksálagning er 71.719 kr. á sumarhús og íbúðarhús. Fyrirtæki sem tengist veitukerfi veitunnar og notar vatn til vökvunar ber skylda til að vera með miðlunartank. Lágmarksálagning vegna tengingar við vatnsveitur Bláskógaveitna er 21.530 kr.

5. gr.

Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa, er heimilt að innheimta sérstakt notkunargjald til viðbótar vatnsgjaldi skv. 4. gr. Fjárhæð notkunargjalds er 40,70 kr. á rúmmetra (m³) vatns, samkvæmt mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af byggingarvísitölu (grunnur 2021), grunnvísitala í október 2025 er 125,9 stig. Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkanir fjórum sinnum á ári, í mars, júní, september og desember.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

6. gr.

Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 5. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveitan er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
15 mm	12.332 kr.
20 mm	12.558 kr.
25 mm	16.164 kr.
32 mm	18.100 kr.
40 mm	21.999 kr.
50 mm	26.653 kr.
80 mm	69.764 kr.

Mælaleigan tekur mið af vísitölu byggingarvísitölu (grunnur 2021). Grunnvísitala októbermánaðar 2025, 125,9 stig.

7. gr.

Gjalddagar.

a. Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við tengingu heimæðar.

Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 30 daga frá gjalddaga.

- b. Vatnsgjald: Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

8. gr.

Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Í slíkum tilvikum skulu allar greiðslur bera almenna bankavexti.

9. gr.

Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum samkvæmt lögum frá gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

10. gr.

Gjaldistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, var samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 10. desember 2025, með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1759/2024.

Bláskógabyggð, 30. desember 2025.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 15. janúar 2026